

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 61/2001

frá 19. júní 2001

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 71/2000 frá 2. október 2000⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 654/2000 frá 29. mars 2000 um að leyfa nýj aukefni, nýja notkun aukefna og nýjar aukefnablöndur í fœðri⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/285/EB frá 5. apríl 2000 um breytingu á ákvörðun 91/516/EBE um gerð skráar yfir innihaldsefni sem bannað er að nota í blandað fœður⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 739/2000 frá 7. apríl 2000 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2439/1999 um skilyrði vegna leyfis fyrir aukefnum í fœðri í flokknum „bindiefni, kekkjavarnarefni og storkuefni“⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/16/EB frá 10. apríl 2000 um breytingu á tilskipun ráðsins 79/373/EBE um markaðssetningu blandaðs fœðurs og tilskipun ráðsins 96/25/EB um dreifingu fœðurefnis⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 315, 14.12.2000, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 59, 14.12.2000, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 79, 30.3.2000, bls. 26.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 94, 14.4.2000, bls. 43.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 87, 8.4.2000, bls. 14.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 105, 3.5.2000, bls. 36.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið II (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2439/1999) í II. kafla I. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32000 R 0739**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 739/2000 frá 7. apríl 2000 (Stjtið. EB L 87, 8.4.2000, bls. 14).“

2. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið III (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2690/1999) í II. kafla I. viðauka við samninginn:

- „lo. **32000 R 0654**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 654/2000 frá 29. mars 2000 um að leyfa ný aukefni, nýja notkun aukefna og nýjar aukefnablöndur í fóðri (Stjtið. EB L 79, 30.3.2000, bls. 26).“

3. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 5. lið (tilskipun ráðsins 79/373/EBE) og lið 14a (tilskipun ráðsins 96/25/EB) í II. kafla I. viðauka við samninginn:

- „- **32000 L 0016**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/16/EB frá 10. apríl 2000 (Stjtið. EB L 105, 3.5.2000, bls. 36).“

4. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 6. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 91/516//EBE) í II. kafla I. viðauka við samninginn:

- „- **32000 D 0285**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/285/EB frá 5. apríl 2000 (Stjtið. EB L 94, 14.4.2000, bls. 43).“

5. gr.

Texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2000/285/EB, reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 654/2000 og 739/2000 og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/16/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

6. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 11. september 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

7. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 19. júní 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.